



## Fundargerð

**Fundur var haldinn í stjórn SSA miðvikud. 27. okt. 2010. Hófst með hádegisverði kl. 12:00. Fundarstaður: Fjarðahótel, Reyðarfirði.**

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Þórunn Egilsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Gunnþórunn Ingólfssdóttir (í fjarveru Stefáns Boga Sveinssonar, sem boðaði forföll). Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA, sem ritaði fundargerð. Valdimar stýrði fundi.

### Dagskrá:

1. **Fundargerðir SSA:**
  - a) Stjórn SSA 25. sept. 2010.  
Fundarg. lögð fram og staðfest.
2. **Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):**
  - a) Stjórn SASS 22. sept. 2010. Lögð fram til kynningar.
  - b) Ályktanir frá aðalf. SASS 13. og 14. sept. 2010. Lagðar fram til kynningar.
  - c) Stjórn SSS 13. okt. 2010. Lögð fram til kynningar.
  - d) Stjórn SSNV 12. okt. 2010. Lögð fram til kynningar.
  - e) Sveitarfél. Vesturland – Skýrslan; Samein. Vesturl. í eitt sv.fél. (júní 2010). Samþ. að fela frkvstj. að koma skýrslunni í hendur allra fulltrúa í starfshópnum „Austfirzk eining“.
  - f) Ályktanir frá aðalfundi Eyþings 8. og 9. sept. 2101. Lagðar fram til kynningar.
  - g) Samráðsfundur LHSS í Reykjavík 13. okt. 2010. Kemur fram undir lið 6 a).
  - h) Undir þessum lið var bætt inn á dagskrána samantekt frá samráðsfundi form. og frkvstj. LHSS með stjórn SÍS o.fl. 15. okt. 2010, en hún hafði verið send stjórnarmönnum SSA, samhliða dagskrá og ýmsum öðrum gögnum.
3. **Frá Samb. ísl. sveitarfélaga:**
  - a) Fundargerð stjórnar 22. sept. 2010 (777. fundur).
  - b) Fundargerð stjórnar 29. sept. 2010 (778. fundur).
  - c) Fundargerð stjórnar 13. okt. 2010 (779. fundur). Fundarg. 3 lagðar fram.
  - d) **Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn** haustið 2010 í samstarfi við LHSS.  
Stjórn SSA hefur mikinn áhuga að nýta tilboð um framangreint námskeið og felur frkvstj. að hlutast til um framgang málsins með staðsetningu á miðsvæðinu og miða tímasetn. við 27. eða 28. nóv. eða ekki fyrr en í jan. 2011.
4. Erindi og bréf:
  - a) **Skipulagsstofnun**, dags. 10. sept. 2010. Varðar nýja skipulagsreglugerð. Lagt fram til kynningar.
  - b) Þróunarfélag Aust. dags. 29. sept. 2010. Varðar fjölþjóðlegt verkefni; „**Almenningssamgöngur í dreifbýli**“. Frkvstj. kynnti einnig að unnið væri að upplýsingaöflun í samgönguráðuneytinu (Rúnar Guðjónsson) vegna almenningssamgangna á vegum sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar. VOH benti á að gagnrýnt hefði verið af sérleyfishöfum, hve lítið samráð væri haft við þá í vinnuferli ráðuneytisins.

5. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.** Upplýs. frá starfshópi sem endurskoðar regluverk Jöfnunarsjóðsins. Stjórn SSA telur eðlilegt að einstök sveitarfélög kalli eftir skýringum á útreikningum þeim, er koma fram í skjalinu og forsendum, er að baki liggja. Einnig er bent á að nýjar útfærslur munu að óbreyttu valda lækkun hjá sveitarfélögum á starfssvæði SSA, sem nemur ríflega 96 millj., þótt vissulega sé um hækkun að ræða í ákv. tilfellum. Því telur stjórnin eðlilegt að um verði að ræða aðlögunarferli að þeim nýju útfærslum, sem endurskoðunin mun leiða af sér.
6. **Minnispunktur frá suðurferð 12. – 15. okt 2010.**
  - a) Fundir form. og frkvstj. með ýmsum aðilum, m.a. ráðherrum. VOH og BHG fylgdu málinu úr hlaði.
  - b) Minnispunktur v/ fundar VOH og BHG með heilbrigðisráðherra 14. okt. VOH gerði grein fyrir málinu.
7. **Aðkoma SSA að borgarafundi um heilbrigðismál 10. okt. 1020.** Fyrir liggur að mjög skammur aðdragandi var að ákvarðanatöku og boðun fundarins. Hann var haldinn í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum í því skyni að mótmæla boðuðum niðurskurði í heilbrigðismálum á starfssvæði HSA (Heilbrigðisstofnunar Austurl.), sbr. ályktun, sem einróma var samþykkt á fundinum og í kjölfarið send ráðamönnum, bæði í ríkisstjórn og á Alþingi. Talið er að allt að 500 manns hafi setið fundinn. Auk þess voru samstöðufundir á Vopnafirði, Seyðisfirði og í Neskaupstað. Ekki reyndist unnt að auglýsa fundinn í ljósvakamiðlum og því var brugðið á það ráð að nota rafræna miðla, en auk þess prentaðir dreifimiðar, sem dreift var í nokkrum byggðarlögum. Samið var við deildir íþróttafélaga o.fl. um að dreifa miðunum. Heildarkostnaður við prentun, dreifingu og undirbúning fundarins liggur að mestu fyrir. Fljótisdalshérað lagði til húsnæðið endurgjaldslaut. Borin upp tillaga um að SSA greiddi 100 þús. vegna umrædds kostnaðar, enda ljóst að fundurinn yrði veigamikill þáttur í því að bregðast við þeirri atlögu, sem gerð er að einstökum byggðarlögum og fjórðungnum í heild með umræddum tillögum. Tillagan samþykkt samhljóða.
8. **Samskipti við þingm. NA-kjördæmis.** Fundir í kjördæmaviku 25. – 29. okt. 2010. Tímaseðill hafði verið sendur aðal- og varastjórn SSA, ásamt áherzluatriðum, sem lögð voru fyrir þingmennina af form. og frkvstj.
9. **Frágangur prókúru** v/ framkvæmdastjórnaskipta hjá SSA. Gögn er varða frágang málsins undirrituð af stjórn á fundinum.
10. **Ráðningarsamningur frkvstj.** kynntur fyrir nýrri stjórn. (BHG vék af fundi undir þessum lið).
11. Kosningar o.fl. í kjölfar samþykka 44. aðalfundar SSA 24. og 25. sept. 2010.
  - a) **Starfshópur (6) um breytt hlutverk Skólaskrifstofu Austurlands.** Tillaga aðalfundar SSA var að Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Soffía Lárusdóttir, Svanhvít Aradóttir, Sigurbjörn Marinósson og Ólafur Sigurðsson skipi nefndina. Ólafur Sigurðsson kalli hópinn saman). Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
  - b) **Starfsh. (3) v/ frekari vinnu við nýtt stjórnskipul. SSA og stoðstofnana.** (Óskað var eftir að ÞFA / AsAust / MRA / MA & PNA tilnefndu sína fulltr. í hópinn. Tillaga um að Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Arnbjörg Sveinsdóttir verði skipuð í hópinn var borin upp. Hún samþykkt samhljóða. Fyrir liggja svohljóðandi tilnefningar frá stoðstofnunum:  
Frá Þróunarfél. Aust.: Auður Anna Ingólfssdóttir  
Frá Atv.þr.sj. Aust: Lars Gunnarsson

Frá Menningarráði Aust.: Signý Ormarsdóttir  
Frá Markaðsstofu Aust: Skúli Björn Gunnarsson  
Frá Þekkingarneti: Stefanía G. Kristinsdóttir

- c) **Starfshópurinn „Austfirsk eining“.** Einn fltr. frá hverju sveitarfélagi. Tilnefningar einstakra sveitarfélaga eru svohljóðandi:
- Frá Djúpavogshreppi: Gauti Jóhannesson  
Frá Breiðdalshreppi: Páll Baldursson  
Frá Fjarðabyggð: Jens Garðar Helgason  
Frá Fljótshreppi: Gunnþórunn Ingólfssd. (m. fyrirv. um samþ. sv.stj.)  
Frá Fljótshéraði: Stefán Bogi Sveinsson  
Frá Seyðisfjarðarkaupstað: Ólafur Hr. Sigurðsson  
Frá Borgarfjarðarhreppi: Jón Þórðarson  
Frá Vopnafjarðarhreppi: Bárður Jónasson  
Tilnefningar bornar upp og þær staðfestar samhljóða.
- d) **Tilnefningar í fulltrúaráð EBÍ** (Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Ísl.):  
Aðalmaður: Páll Baldursson, Breiðdalshreppi  
Varamaður: Jón Þórðarson, Borgarfjarðarhreppi.
- e) Undir þessum lið var kynnt ábending frá Umhverfisstofnun að tilnefna eigi á vettvangi Héraðsnefndar Múlasýslna (hverrar verkefni SSA hefur nú yfirtekið) 3 fulltrúa í Náttúruverndarnefnd, sbr. 11. gr. laga nr. 44/1999. Fyrir liggur að kostnaður við Náttúruverndarnefndir skal greiddur af sveitarfélögum eða byggðasamlagi á vegum þeirra. Afgreiðslu frestað.
- f) Undir þessum lið var samþ. að taka á dagskrána **tilnefningu** eins aðalmanns og annars til vara sem **fulltrúa SSA í stjórn Markaðsstofu Austurlands**. Svohljóðandi tillaga kom fram og var hún samþ. samhljóða:  
Aðalmaður: Magnús Már Þorvaldsson, Vopnafjarðarhreppi.  
Varamaður: Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, Fjarðabyggð.
12. Kynnt **málþing um stöðu fámennra byggða** sem halda á af Sveitarfélaginu Skagafjörður og félagasamtökunum Landsbyggðin lífi 30. okt. 2010.
13. Frkvstj. gerði grein fyrir því á hvern veg háttað hefði verið úrvinnslu og útsendingu **samþykkt frá 44. aðalfundi SSA**, 24. & 25. sept. 2010. Fram kom að hann og form. áforma að fara yfir ákv. samþ. með fleiri ráðherrum en orðið er og einnig vinna að framgangi þeirra með viðtölum í ýmsum opinberum stofnunum, t.d. Vegagerðinni. Ennfr. liggur fyrir að eftir er að fylgja ýmsum atriðum betur eftir heima í héraði, en það hefur dregizt, bæði v/ framkvæmdastjóraskipta og fjölmargra funda og verkefna í þessum mánuði.
14. **Skýrsla framkvæmdastjóra.**  
Undir þessum lið kynnti frkvstj. eftirtalin málefni og tók stjórn ákv. um framgang þeirra eftir því sem tilefni var til:
- a) Kynntur nýlega afstaðinn **aðalf. Ferðamálasamtaka Austurlands**, haldinn á Djúpavogi 21. okt. s.l. ÞFA og SSA eiga sameiginlega að tilnefna einn aðal- og varam. í stjórn Ferð.Aust. skv. samþykktum félagsins. Í stjórn voru kjörin:
- Aðalmenn: Jónas Hallgrímsson og Skúli Björn Gunnarsson tiln. af Mark. Aust.  
Andrés Skúlason tiln. af ÞFA / SSA.
- Varamenn: Elfa Hlín Pétursd. og Berglind Steina Ingvarsd. tiln. af Mark. Aust.  
Bryndís Reynisdóttir tiln. af ÞFA / SSA.
- Stjórn SSA gerir ekki athugasemd við framangreinda skipan.

- b) Form. og frkvstj. kynntu óformlegan **fund** þeirra 25. okt. með **Haflíða H. Haflíðasyni, frkvstj. Próunarfélags Austurlands og Kristbjörgu Jónasdóttur, nýlega ráðnum starfsmanni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands / Impru** með aðsetur á Austurlandi. Áhugi er innan þessa hóps að efla samstarf um atvinnuþróun og nýsköpun og einnig að stuðla að því að verkefni, er skilgreind voru í svonefndri NA-skýrslu, hljóti brautargengi og þann fjárhagslega stuðning, sem fram kom í tillögum nefndarinnar. Einnig var kynntur áhugi SSA til áframhaldandi verkefnakaupa SSA frá ÞFA í samræmi við samning þar um og í samræmi við heimildir skv. fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2011.
- c) Frkvstj. kynnti lítillega **fundargerð starfshóps um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga frá 22. okt. 2010**. Fulltrúar SSA í hópnum eru: Ólafur Hr. Sigurðsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, ásamt frkvstj.
- d) Kynnt svohljóðandi **ályktun stjórnar Markaðsstofu Austurlands:**  
Stjórnarfundur Markaðsstofu Austurlands, haldinn á Breiðdalsvík 23. september 2010 samþykkti eftirfarandi bókun til SSA:  
Stjórn Markaðsstofu Austurlands fagnar umræðu um samstarf sveitarfélaga og stoðstofnana og endurskipulagningu á þeirri starfsemi á starfssvæði SSA. Á aðalfundi MA sl. vor var eftirfarandi ályktun samþykkt.  
*Aðalfundur Markaðsstofu Austurlands haldinn á Egilsstöðum 17. apríl 2010 felur stjórn félagsins að vinna að endurskoðun á lögum félagsins og boða til aukaáðalfundar á haustmánuðum með það að markmiði að nýtt stjórnskipulag geti tekið gildi frá og með 1. janúar 2011. Sú endurskoðun verði unnin í samhengi við þá vinnu sem fram fer á vegum SSA um nýjan samstarfsvettvang stoðstofnana á Austurlandi.*  
Markaðsstofan tók virkan þátt í umræðu um endurskipulagninguna á vormánuðum en síðan tók stýrihópur SSA ákvörðun um að geyma ferðamálin í vinnu við nýtt skipurit. Stjórn Markaðsstofu Austurlands leggur áherslu á að í áframhaldandi vinnu við þessa endurskipulagningu á vegum SSA verði ferðamálin tekin aftur inn enda æskilegt að horft verði til þess samstarfs í samhengi við annað í stoðkerfinu. Stjórn MA óskar eftir því við stjórn SSA að Markaðsstofa Aust. fái aðild að stýrihóp verkefnisins í áframhaldandi vinnu.
- e) Undir þessum lið var kynnt túlkun fráfarandi frkvstj. á stjórnarlaunum í SSA, en skv. því eru þau óbreytt 2010 frá 2009.
- f) Ákveðið að miða við að næsti stjórnarfundur SSA verði 6. des., en til vara 8. des. Framkvæmdaráð mun funda einu sinni í nóv. og oftár ef þurfa þykir.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 15:00.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.